

Borgarstjórn Reykjavíkur
1. mars 2016

Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Bjartrar Framtíðar, Vinstri grænna og Pírata um samtal við ríki vegna mansals

Borgarstjórn samþykkir að fela ofbeldisvarnarnefnd að hefja samtal við innanríkisráðuneytið um aðgerðir til að sporna gegn mansali og tryggja fórnarlömbum líkamlega, félagslega og sálræna aðstoð við hæfi.

Greinargerð

Mansal er einn stærsti angi skipulagðrar glæpastarfsemi í heiminum og fyrirfinnst hér á Íslandi sem annars staðar. Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög byggja upp öflugar forvarnir og tryggi skjól og tryggi eins góða vernd og þjónustu fyrir fórnarlömb og hægt er. Aðgerðaáætlun ríkisins um mansal leggur meðal annars áherslu á að auka forvarnir meðal almennings og fagaðila. Á vettvangi ofbeldisvarnarnefndar hefur komið fram að þróa þurfi þjónustu við fórnarlömb mansals með hagsmuni þeirra og öryggi í huga. Samstarf og samtal er fyrsta skrefið í þeim efnum og brýnt að borgarstjórn standi saman í þeirri vinnu sem framundan er.